Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskóli Félagstofnunar stúdenta

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 7
4. Starfsþróunarsamtöl 12
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 12
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 13
7. Foreldrasamstarf 13
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 14
9. Þróunarverkefni 15
10. Fylgiskjöl: 16
10.1 **Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026** 16
10.2 **Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027** 17
10.3 Umsögn foreldraráðs 39

1. Greinargerð leikskólastjóra

Leikskóli Félagsstofnunar stúdenta starfar á tveimur starfsstöðvum, Mánagarði og Sólgarði. Síðastliðið skólaár einkenndist af áframhaldandi uppbyggingu, samvinnu og faglegri þróun. Sameining starfsstöðvanna hefur haldið áfram að þróast og á árinu höfum við lagt áherslu á að efla sameiginlega sýn, samræma verklag og styrkja samstarf milli starfsstöðvanna, um leið og sérstaða hvorrar þeirra fær að njóta sín. Sú vinna hefur skilað sér í auknu samtali, betri yfirsýn og sterkari liðsheild.

Í daglegu starfi hefur verið lögð áhersla á hæglæti, nærveru og jákvæð samskipti. Starfsfólk hefur unnið markvisst að því að skapa rólegt, hlýlegt og fyrirsjáanlegt námsumhverfi þar sem börn fá tækifæri til að taka virkan þátt í leik og námi á eigin forsendum. Leikskólinn starfar samkvæmt HighScope stefnunni þar sem virk þátttaka barna, sjálfstæði, skipulagður dagur og ígrunduð samskipti eru í forgrunni. Á starfsárinu var jafnframt unnið að því að dýpka þekkingu starfsfólks á hugmyndafræðinni og styrkja notkun hennar í daglegu starfi.

Starfsmannahópurinn er einn af helstu styrkleikum leikskólans og býr yfir fjölbreyttri reynslu, þekkingu og tungumálakunnáttu sem auðgar starfið. Á liðnu skólaári urðu þó nokkrar breytingar á starfsmannahópnum. Við kvöddum góða samstarfsmenn sem héldu á vit nýrra verkefna og tókum um leið á móti nýju starfsfólki. Ráðningar fyrir haustið gengu vel og opnaði leikskólinn eftir sumarfrí fullmannaður með öflugum og fjölbreyttum starfsmannahópi.

Áfram hefur verið lögð áhersla á að efla hlutverk deildarstjóra, skýra ábyrgð í daglegu starfi og skapa vettvang fyrir faglegt samtal á deildarfundum, stjórnendafundum og starfsdögum. Niðurstöður HR Monitor á liðnu ári sýna almennt góða stöðu og jákvæða þróun í starfsumhverfinu. Jafnframt hafa komið fram tækifæri til að efla sjálfstæði starfsfólks og þátttöku í ákvarðanatöku og verður unnið áfram með þá þætti.

Barnahópur leikskólans er fjölbreyttur og mikilvægt er að mæta börnum og fjölskyldum með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn. Áfram verður lögð áhersla á inngildandi starfshætti, öfluga málörvun, gott upplýsingaflæði til foreldra og stuðning við börn í aðlögun, samskiptum og leik. Við lítum á fjölbreytileikann sem styrkleika sem skapar dýrmæt tækifæri til náms, samvinnu og víðsýni.

Foreldrasamstarf hefur verið gott og verður áfram einn af hornsteinum leikskólastarfsins. Við leggjum áherslu á opin og traust samskipti, reglulega upplýsingagjöf og að foreldrar upplifi að þeir hafi greiðan aðgang að starfsfólki og stjórnendum. Föstudagspóstar, foreldrasamtöl, foreldrafundir og dagleg samskipti eru mikilvægur hluti af þeirri samvinnu.

Á skólaárinu voru einnig haldnar sumarhátíðir á báðum starfsstöðvum. Hátíðin í Mánagarði fór fram 11. júní og í Sólgarði 12. júní. Báðar hátíðirnar tókust vel og voru skemmtileg lok á skólaárinu þar sem börn, fjölskyldur og starfsfólk komu saman og fögnuðu því sem áunnist hafði. Slíkir viðburðir eru mikilvægur þáttur í að byggja upp sterkt og jákvætt leikskólasamfélag.

Á komandi skólaári verður áfram lögð áhersla á markvisst innra mat og að tengja niðurstöður þess við umbótaáætlanir leikskólans og deildanna. Jafnframt verður unnið áfram með málörvun, félagsfærni og vellíðan barna, þróun námsumhverfis, faglega forystu deildarstjóra og áframhaldandi samræmingu milli starfsstöðvanna.

Við horfum bjartsýn til komandi skólaárs. Fram undan eru ný börn, nýjar fjölskyldur, nýtt starfsfólk og ný verkefni. Með öflugu samstarfi barna, foreldra og starfsfólks viljum við halda áfram að byggja upp leikskóla þar sem öllum líður vel. Þar sem fagmennska og umhyggja fara saman og þar sem börn fá tækifæri til að leika, læra og blómstra á eigin forsendum.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Námsumhverfi deilda með áherslu á uppsetningu rýma, aðgengi að efnivið, húsgögn og samræmi við áherslur HighScope.
Hvernig fór matið fram?	Fagstjóri fór yfir deildir leikskólans og skoðaði skipulag og nýtingu rýma, staðsetningu og aðgengi efniviðar, húsgögn og hvernig námsumhverfið styður við sjálfstæði, val og virka þátttöku barna í samræmi við HighScope. Í kjölfarið var unnið með starfsfólki að breytingum á uppsetningu deilda. Efniviður var færður til og endurskipulagður eftir þörfum og hluti húsgagna og búnaðar endurnýjaður til að bæta aðgengi barna og nýtingu rýmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Fagstjóri, deildarstjórar og starfsfólk deilda.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Matið sýndi að víða voru góðar forsendur fyrir virku námi og sjálfstæði barna, en jafnframt tækifæri til að samræma námsumhverfi deildanna betur við áherslur HighScope. Unnið var að því að gera efnivið sýnilegri og aðgengilegri börnum, skýra betur afmörkun leiksvæða og nýta húsgögn og rými þannig að þau styðji betur við leik, val og sjálfstæði barna. Á nokkrum deildum var einnig þörf á endurnýjun húsgagna og búnaðar. Áfram verður unnið að því að þróa námsumhverfið og tryggja að uppsetning deilda taki mið af aldri, þroska og þörfum barnahópsins hverju sinni.

Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorf starfsfólks til starfsumhverfis, starfsánægju, stjórnunar, samskipta, sjálfstæðis í starfi, framtíðarsýnar og starfsþróunar.
Hvernig fór matið fram?	Reglulegar HR Monitor kannanir voru lagðar fyrir starfsfólk á Mánagarði og Sólgarði. Við samantekt matsins var horft til niðurstaðna frá mars, júní og ágúst 2026 til að fá mynd af stöðu og þróun á báðum starfsstöðvum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk Mánagarðs og Sólgarðs.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður sýna almennt góða stöðu á báðum starfsstöðvum. Helstu styrkleikar felast í gæðum og tengslum, starfsánægju, áhuga, virðingu og hlustun, stuðningi frá stjórnendum og tækifærum til starfsþróunar. Niðurstöðurnar benda jafnframt til tækifæra til að efla sjálfstæði starfsfólks og þátttöku í ákvarðanatöku. Sú þróun kom sérstaklega fram í síðustu mælingu á báðum starfsstöðvum. Á komandi skólaári verður því lögð áhersla á valdeflingu, sérstaklega meðal deildarstjóra, með skýrara umboði, aukinni ábyrgð og því að færa viðeigandi verkefni og ákvarðanir nær deildunum. Einnig verður áfram unnið að því að styrkja sameiginlega framtíðarsýn leikskólans og samræma faglega sýn og verklag milli Mánagarðs og Sólgarðs. Áfram verður fylgst reglulega með niðurstöðum HR Monitor og þær nýttar í samtali við starfsfólk og stjórnendur við áframhaldandi umbótavinnu.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fjölbreyttara og markvissara hópastarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að efla hópastarf í leikskólanum með aukinni fjölbreytni í efnivið, viðfangsefnum og skipulagi. Hópastarf styðji við nám, leik og þátttöku barna og taki mið af aldri, þroska og getu barnahópa á hverri deild.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildir skipuleggja hópastarf út frá sínum barnahópi og nýta fjölbreyttan efnivið, rými og námsaðstæður. Unnið verður samkvæmt áherslum leikskólans um virka þátttöku barna, leik, samtal og ígrundun. Starfsfólk deilir hugmyndum og reynslu sín á milli og nýtir undirbúningstíma til skipulagningar og mats.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deilda, með stuðningi frá fagstjóra.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026–2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með skráningum, umræðum á deildarfundum og athugunum á þátttöku barna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða	Hópastarf er fjölbreytt og markvisst og í starfi allra deilda. Börn taka virkan þátt og sýna áhuga á verkefnum.

mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun, fjöltyngi og einstaklingsmiðaður stuðningur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að efla málörvun og tryggja að öll börn fái stuðning við hæfi. Sérstök áhersla er á fjöltyngi, snemmtækan stuðning og jöfn tækifæri til þátttöku í leik og námi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Málörvun verður samþætt daglegu starfi á öllum deildum. Aðgengilegur efniviður verður nýttur markvisst og stuðningur veittur í samræmi við þarfir barna. Unnið verður með einstaklingsnámskrár þar sem við á og fjöltyngi gert sýnilegt í umhverfi leikskólans.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri, deildarstjórar og starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026–2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með viðeigandi matstækjum, skráningum, athugunum og umræðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna framfarir í tjáningu, samskiptum og þátttöku. Málörvun er sýnileg í daglegu starfi allra deilda.
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útistarf, vettvangsferðir og nýting námsumhverfis

Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að auka fjölbreytni í útinámi og nýtingu nærumhverfis leikskólans. Börn fái fjölbreytt tækifæri til hreyfingar, könnunar og náms í ólíku umhverfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildir skipuleggja reglulegt útistarf og vettvangsferðir sem taka mið af aldri og getu barnahópa. Nærumhverfi leikskólans verður nýtt sem hluti af námi barna og áhersla lögð á upplifun, könnun og samskipti.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026–2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með skráningum, umræðum starfsfólks og mati á framkvæmd vettvangsferða og útináms.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn fá reglulega fjölbreytt tækifæri til náms og leiks utan hefðbundinna deildarrýma.
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Valdefling deildarstjóra, sjálfstæði og ábyrgð.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla sjálfstæði deildarstjóra í starfi og styrkja þá í að taka ákvarðanir sem snúa að daglegu starfi deilda, skipulagi, faglegri forystu og verkaskiptingu. Stefnt er að því að deildarstjórar hafi skýrara umboð, aukna ábyrgð og meira svigrúm til ákvarðanatöku innan síns starfssviðs.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur fara markvisst yfir hvaða verkefni og ákvarðanir er eðlilegt að færa til deildarstjóra og vinna að skýrari verkaskiptingu.

	Deildarstjórar verða hvattir til að taka aukna ábyrgð á skipulagi og daglegum ákvörðunum innan deildar og koma sjálfir með lausnir og tillögur þegar mál koma upp. Á stjórnendafundum verður reglulega rætt um hlutverk, ábyrgð og umboð deildarstjóra og þeim veittur stuðningur í faglegri forystu.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í samstarfi við deildarstjóra.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026–2027 og áframhaldandi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með reglulegri umræðu á stjórnendafundum, starfsþróunarsamtölum og niðurstöðum HR Monitor, sérstaklega þeim þáttum sem snúa að sjálfstæði, ábyrgð og stuðningi frá stjórnendum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að deildarstjórar upplifi skýrara umboð og aukið sjálfstæði í starfi og taki í auknum mæli ábyrgð á viðeigandi verkefnum og ákvörðunum innan deildar.
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námsumhverfi og samræmi við HighScope.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að þróa námsumhverfi leikskólans áfram þannig að uppsetning rýma, húsgögn og aðgengi að efnivið styðji við sjálfstæði, val, leik og virka þátttöku barna í samræmi við áherslur HighScope.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fagstjóri, deildarstjórar og starfsfólk halda áfram að rýna í uppsetningu deilda og nýtingu rýma. Efniviður verður hafður sýnilegur og aðgengilegur börnum eftir því sem við á og leiksvæði afmörkuð með skýrum hætti. Húsgögn og búnaður verða

	endurnýjuð eða færð til eftir þörfum og tekið mið af aldri, þroska og þörfum barnahópsins á hverri deild.
Ábyrgð	Fagstjóri og deildarstjórar í samstarfi við starfsfólk deilda og stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026–2027 og áframhaldandi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með reglulegum athugunum fagstjóra, umræðum á deildarfundum og ígrundun starfsfólks um hvernig börnin nýta rými, leiksvæði og efnivið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að námsumhverfi deildanna endurspegli áherslur HighScope, efniviður sé aðgengilegur og skipulag rýma styðji við sjálfstæði, val, leik og virka þátttöku barna.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru mikilvægur hluti af mannauðsstarfi leikskólans og liður í því að styðja við starfsfólk, efla faglegt samtal og styrkja gæði leikskólastarfsins. Samtölin gefa starfsfólki tækifæri til að ræða líðan í starfi, styrkleika, ábyrgð, verkefni, samskipti, starfsþróun og þau markmið sem unnið er að innan leikskólans.

Á starfsárinu fóru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar í starfsmannaviðtöl hjá mannauðsstjóra Félagsstofnunar stúdenta. Slík samtöl fara að jafnaði fram einu sinni á ári og er boðið upp á eftirfylgni eftir þörfum.

Í kjölfarið taka deildarstjórar starfsmannaviðtöl við starfsfólk á sínum deildum. Þar er meðal annars rætt um daglegt starf á deildum, líðan í starfi, samskipti, ábyrgð, styrkleika hvers starfsmanns og tækifæri til frekari starfsþróunar. Samtölin nýtast einnig til að greina fræðsluþarfir starfsfólks og tengja þær við áherslur leikskólans, umbótaáætlun og innra mat.

Auk formlegra starfsmannaviðtala eru tekin tilfallandi umhyggjuviðtöl þegar þörf er á. Þau samtöl eru mikilvægur þáttur í því að styðja starfsfólk í daglegu starfi, bregðast snemma við álagi eða óvissu og skapa traust og opið samtal innan starfsmannahópsins.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026–2027
Fræðsla og starfsþróun starfsfólks skólaárið 2026–2027 tekur mið af niðurstöðum innra og ytra mats, áherslum skólanámskrár, menntastefnu Reykjavíkurborgar, starfsþróunarsamtölum og umbótaáætlun leikskólans.

Á starfsárinu verður sérstök áhersla lögð á fræðslu og faglegt samtal sem styður við fjölbreytt og markvisst hópastarf, málörvun og fjöltyngi, þróun námsumhverfis í anda HighScope, útistarf og nýtingu nærumhverfis. Jafnframt verður unnið að því að styrkja faglega forystu og valdeflingu deildarstjóra, meðal annars með auknu samtali um ábyrgð, umboð og ákvarðanatöku.

Á starfsárinu verða sex starfsdagar, 18. september, 6. nóvember, 18. desember, 24. mars, 14. maí og 18. maí. Starfsdagarnir verða nýttir til fræðslu, undirbúnings, ígrundunar, hópeflis og vinnu með innra mat og umbótaáætlun leikskólans. Einnig verða þeir nýttir til að styrkja sameiginlega sýn og samræma verklag milli deilda og starfsstöðva.

Á starfsárinu fer starfsfólk á skyndihjálparnámskeið. Jafnframt verður leitast við að bjóða upp á fræðslu sem styður við jákvæð samskipti, öruggt starfsumhverfi og faglegt samstarf, meðal annars á sviði eineltis, áreitni og samskipta á vinnustað eftir því sem tækifæri gefast.

Auk þess er fyrirhuguð námsferð erlendis sem hluti af starfsþróun starfsmannahópsins. Markmið námsferðarinnar er að efla faglega sýn, styrkja liðsheild, kynnast nýjum hugmyndum í leikskólastarfi og skapa sameiginlegan vettvang fyrir ígrundun og samtal um þróun starfsins.

Hópefli verður einnig hluti af starfsárinu og er ætlað að styrkja samskipti, traust og samstarf innan starfsmannahópsins.

Auk skipulagðrar fræðslu verður starfsfólk hvatt til að nýta rafræn námskeið, fyrirlestra og önnur fræðslutækifæri sem tengjast áherslum og umbótaþáttum leikskólans.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Melaskóli er hverfisskóli leikskólans og því er reglulegt samstarf milli leikskólans, grunnskólans og frístundastarfsins. Markmið samstarfsins er að styðja við samfellu milli skólastiga og auðvelda börnum flutning úr leikskóla yfir í grunnskóla og frístund.

Skólahópur leikskólans heimsækir Melaskóla og frístundina Selið á vorönn 2027. Þar fá börnin tækifæri til að kynnast húsnæði, umhverfi og starfsfólki áður en grunnskólaganga hefst. Heimsóknirnar verða skipulagðar í samráði við Melaskóla og Selið þegar nær dregur.

Skilafundir eru haldnir á vorönn þegar það á við og í samráði við foreldra. Þar er miðlað nauðsynlegum upplýsingum sem styðja við vellíðan, öryggi og áframhaldandi nám barnsins.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Mars-maí 2027	Heimsókn skólahóps í grunnskóla	Melaskóli	Deildarstjóri skólahóps
Mars-maí 2027	Heimsókn skólahóps í frístund	Selið	Deildarstjóri skólahóps
Apríl-maí 2027	Skilafundir þegar það á við	Grunnskólar	Deildarstjóri/stuðningsfulltúi viðkomandi barns

7. Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og byggir á trausti, reglulegum samskiptum og gagnkvæmri upplýsingagjöf. Dagleg samskipti við foreldra skipta áfram miklu máli, bæði við komu og brottför barna og í gegnum Kinderpedia, sem leikskólinn tók í notkun snemma árs 2026.

Á komandi starfsári verður áfram lögð áhersla á skýr, aðgengileg og regluleg samskipti við foreldra. Ný vefsíða leikskólans hefur verið tekin í notkun og unnið verður áfram að því að miðla upplýsingum um starf leikskólans, skóladagatal, viðburði og annað sem gagnast foreldrum í daglegu skipulagi.

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi skólaárs þar sem farið er yfir starf vetrarins, áherslur leikskólans, skipulag deilda og helstu upplýsingar sem varða daglegt starf barnanna. Foreldraviðtöl fara fram á tímabilinu febrúar til mars. Foreldrar eru jafnframt hvattir til að hafa samband við deildarstjóra eða stjórnendur ef þeir óska eftir samtali utan hefðbundinna viðtalstíma.

Á haustönn verður óskað eftir framboðum foreldra í foreldraráð leikskólans og í kjölfarið verður ráðið skipað fyrir starfsárið. Foreldraráð fær starfsáætlun leikskólans til umsagnar áður en hún er send til skóla- og frístundasviðs.

Foreldrafélag er einnig starfandi við leikskólann og styður við félagslega þætti leikskólasamfélagsins og kemur að ýmsum viðburðum og verkefnum í samvinnu við leikskólann.

Markmið foreldrasamstarfsins er að foreldrar upplifi sig vel upplýsta, velkomna og virka þátttakendur í leikskólasamfélaginu.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar verða á eftirtöldum dagsetningum 18. september, 6. nóvember, 18. desember, 24. mars, 14. maí og 18. maí.

Leikskóladagatal Mánagarðs 2026 - 2027

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ
1	L		1	Þ	Plastlaus september	1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F	Fyrsti apríl	1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	Sumarfrí
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F	Sumarfrí
3	M	Föstudagur vestnorræna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	Sumarfrí
4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S	Sumarfrí
5	M		5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M		5	M		5	L		5	M	Sumarfrí
6	F		6	S		6	Þ		6	F	Starfsdagur	6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Sumarfrí
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	F		7	M		7	M	Sumarfrí
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M	Baráttudagur kvenna	8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarfrí
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarfrí
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F	Jólakaffi	10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F	Sumarhátíð	10	L	Sumarfrí
11	Þ		11	F		11	S	Fæðingardagur fyrsta Íslands (HT)	11	M		11	F		11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S	Sumarfrí
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarfrí
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarfrí
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarfrí
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarfrí
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenska fánans	16	M		16	L		16	Þ					16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarfrí
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L	Sumarfrí
18	Þ		18	F	Starfsdagur	18	S		18	M		18	F	Starfsdagur	18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ	Starfsdagur	18	F		18	S	Sumarfrí
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F		19	M		19	M	Starfsdagur	19	L		19	M	Sumarfrí
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S		20	Þ	Sumarfrí
21	F		21	M		21	M		21	L	Yfir	21	M	Mörsugur	21	F		21	S	Konudagur	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarfrí
22	L	Tvímánuður	22	Þ	Haustmánuður	22	F	Gormánuður	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur	22	M	Góa	22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ	Sólmánuður	22	F	Sumarfrí
23	S		23	M		23	F		23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L	Þorri	23	Þ		23	Þ		23	F	Harpa	23	S		23	M		23	F	Sumarfrí
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur	24	S		24	M		24	M	Starfsdagur	24	L		24	M	Skerpla	24	F		24	L	Sumarfrí
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S	Sumarfrí
26	M		26	L		26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarfrí
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S		27	Þ	Sumarfrí
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Jólafrí	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarfrí
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Jólafrí	29	F					29	M	Annar í páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarfrí
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M	Jólafrí	30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarfrí
31	M					31	L	Hrekkjavaka				31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M					31	L	Sumarfrí

Almennir frídagar / Public holidays.
Starfsdagar / Planing day
Árlegir viðburðir leikskólans

Leikskóladagatal Sólgarðs 2026 - 2027

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ
1	L		1	Þ	Flæðilaus september	1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F	Fyrsti apríl	1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	Sumarfrí
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F	Sumarfrí
3	M	Frídagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	Sumarfrí
4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S	Sumarfrí
5	M		5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M		5	M		5	L		5	M	Sumarfrí
6	F		6	S		6	Þ		6	F	Starfsdagur	6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Sumarfrí
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	F		7	M		7	M	Sumarfrí
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M	Baráttudagur kvenna	8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarfrí
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarfrí
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F		10	L	Sumarfrí
11	Þ		11	F		11	S	Kæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M		11	F	Jólakaffi	11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F	Sumarhátíð	11	S	Sumarfrí
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarfrí
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarfrí
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur starfsfræðinnar	14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarfrí
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarfrí
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskra fjalla	16	M		16	L		16	Þ		16	F		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarfrí
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L	Sumarfrí
18	Þ		18	F	Starfsdagur	18	S		18	M		18	F	Starfsdagur	18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ	Starfsdagur	18	F		18	S	Sumarfrí
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	M		19	M		19	M	Starfsdagur	19	L		19	M	Sumarfrí
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S		20	Þ	Sumarfrí
21	F		21	M		21	M		21	L	Yfir	21	M	Mörsugur	21	F		21	S	Konudagur	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarfrí
22	L	Tvímánuður	22	Þ	Haustmánuður	22	F	Gormánuður	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur	22	M	Góa	22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ	Sólmánuður	22	F	Sumarfrí
23	S		23	M		23	F		23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L	Þorri	23	Þ		23	Þ		23	F	Harpa	23	S		23	M		23	F	Sumarfrí
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur	24	S		24	M		24	M	Starfsdagur	24	L		24	M	Skerpla	24	F		24	L	Sumarfrí
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S	Sumarfrí
26	M		26	L		26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarfrí
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S		27	Þ	Sumarfrí
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Jólafrí	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarfrí
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Jólafrí	29	F					29	M	Annar í páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarfrí
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M	Jólafrí	30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarfrí
31	M					31	L	Hrekkjavaka				31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M					31	L	Sumarfrí

Almennir frídagar / Public holidays.
Starfsdagar / Planing day
Árlegir viðburðir leikskólans

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	**Samstarfsaðilar**	**Hver styrkir?**
Ekki er sérstakt þróunarverkefni áætlað á starfsárinu 2026–2027.		

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Þessi liður á ekki að fullu við að þessu sinni þar sem innra mat var ekki framkvæmt á öllum deildum leikskólans á síðasta skólaári. Auk þess eru margir deildarstjórar nýir í starfi og hafa því ekki forsendur til að meta fyrra starf deildanna út frá umbótaáætlun síðasta árs.

Tækifæri

10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Sérkennsla skólaárið 2026-2027		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Halda áfram að efla almenna málörvun inni á deildum leikskólans	Efla notkun á einstaklingsnámskrám fyrir þau börn sem þurfa (börn með stuðning eru öll með einstaklingsnámskrá sem stuðningsaðili vinnur eftir)
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að deildarstarfsfólk hafi greiðan aðgang að góðu efni til að nota með börnum inni á sinni deild. Að deildarnar hafi nægan efnivið til að koma til móts við börnin þar sem þau eru stödd. Að deildarstarfsfólk geti auðveldlega sótt efnivið til að nota með börnum með fjölmenningarlegan bakgrunn.	Að öll börn sem þurfa auka íhlutun fái einstaklingsnámskrá sem deildarstjóri/hópstjóri í hverju tilfelli vinnur markvisst eftir. Að viðeigandi efniviður sé í greiðu aðgengi inni á hverri deild. Að börn með fjölbreyttan tungumálabakgrunn fái viðeigandi þjálfun inni á deild og hjá tengilið fjölmenningar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennslustjóri heldur áfram að safna saman efnivið fyrir deildarnar, sjá til þess að starfsfólk útbúi málörvunarkassa út frá aldri barnahópsins sem er aðgengilegur fyrir öll. Sérkennslustjóri kemur inn á	Deildarstjórar sjá til þess að barnið fái tíma x oft í viku innan deildar. Hvort sem það er í hópastarfi eða á öðrum tíma dags

	deild með fræðslu sé þess óskað	
Ábyrgð	Sérkennslustjóri sér um að safna saman efnivið og bjóða deildarstjórum, deildarstjóri ber ábyrgð á því að efniviður sé notaður inni á deild og að starfsfólk hafi greiðan aðgang að honum	Sérkennslustjóri útbýr einstaklingsáætlun í samstarfi við deildar/hópstjóra. Deildarstjóri sér til þess að unnið sé markvisst eftir henni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þetta verkefni er gegnumgangandi í gegnum skólaárið og breytist eftir því sem barnahóparnir á deildunum breytast	Þetta er heils árs verkefni
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við notum alls kyns matsaðferðir til að fylgjast með málþroska barnanna. EFI2, TRAS, HLJÓM2 og LANIS meðal annars. Leggjum þá fyrir reglulega í gengum árið, skipuleggjum málörvunarstundir út frá niðurstöðum og útbúum efnivið út frá þeim.	Við notum ýmis matstæki eins og TRAS, EFI, HLJÓM, LANIS, Samtöl við barn í leikstund, áhorf starfsfólks í leikstundum og uppeldisfræðilegar skráningar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin eru á misjöfnum stöðum og við metum hvert barn út frá því hvar það er statt að hverju sinni. Notum stöðluð matstæki þegar þau eiga við.	Börnin eru á misjöfnum stöðum og við metum hvert barn út frá því hvar það er statt að hverju sinni. Notum stöðluð matstæki þegar þau eiga við.

Álfasteinn 1-2 ára				
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fjölbreyttara hópastarf	Aukin fjölbreytni í náms- og leikstarfi	Undirbúningstími starfsfólks	Þátttaka barna og þróun skilaboðaskjóðu
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Auka fjölbreytni í hópastarfi og skipulagningu námsstunda.	Bjóða upp á fjölbreyttari viðfangsefni í hópastarfi og skapa fleiri tækifæri fyrir börn til að vinna sjálfstætt eða í litlum hópum.	Auka undirbúningstíma starfsfólks til að styðja betur við starf með börnum og bæta gæði starfsins.	Auka þátttöku barna í hópastarfi og efla notkun skilaboðaskjóðu sem vettvang fyrir hugmyndir og skoðanir barna. Jafnframt að efla starfsþróun með frekari námskeiðum og fræðslu í HighScope.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Gera ráð fyrir markvissum undirbúningstíma starfsfólks til að þróa og skipuleggja fjölbreyttara hópastarf.	Skipuleggja undirbúning fyrir þau börn sem eru vön að vera inni á deild á meðan önnur börn eru úti.	Endurskoða skipulag þannig að starfsfólk fái aukinn tíma til undirbúnings.	Undirbúa innleiðingu nýrra hugmynda og starfsaðferða sem styðja við virkari þátttöku barna.

Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar	Allt starfsfólk deildarinnar	Deildarstjóri	Allt starfsfólk deildarinnar auk fagstjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst sem fyrst og er viðvarandi verkefni.	Sumar 2026 og er viðvarandi verkefni.	Júní 2026	Skólaárið 2026–2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Framvinda rædd reglulega á deildarfundum.	Regluleg umræða og skráning á deildarfundum um hvað gengur vel og hvað má bæta.	Regluleg endurskoðun á skipulagi og áhrifum þess á starfsemi deildarinnar.	Mánaðarlegir deildarfundir þar sem farið er yfir athuganir, upplýsingar og endurgjöf frá foreldrum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fjölbreyttari viðfangsefni og skipulag í hópastarfi sem endurspeglast í daglegu starfi deildarinnar.	Börnin fá fjölbreyttari tækifæri til náms og þátttöku sem mæta ólíkum þörfum og áhugasviðum þeirra.	Starfsfólk upplifir betri undirbúning og aukin gæði í starfi með börnum.	Framfarir barna og aukin þátttaka þeirra birtast í skráningum, dagbókum og öðrum gögnum frá ágúst–desember og janúar–júní.

Dvergaberg 1-2 ára		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samverustund	Hópastarf

Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að auka fjölbreytni í leikjum og efnivið í samverustundum þannig að þær verði fjölbreyttari, markvissari og áhugaverðari fyrir börnin.	Að auka fjölbreytni í efnivið, umhverfi og viðfangsefnum í hópastarfi. Markmiðið er að börnin fái fjölbreyttari reynslu og tækifæri til að taka þátt í nýjum verkefnum sem styðja við nám, leik og virkni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk skoðar hvaða leikir og efniviður eru til staðar og bætir við fleiri hugmyndum að leikjum í samverustund. Leitað verður eftir fjölbreyttari leiðum, meðal annars með því að fá efnivið og hugmyndir lánaðar frá öðrum deildum. Starfsfólk leggur áherslu á að samverustundir innihaldi fjölbreytta leiki sem vekja áhuga barnanna og styðja við þátttöku þeirra.	Starfsfólk býður börnum upp á fjölbreyttari leiðir í hópastarfi, til dæmis með því að fara með hópa út, fram á gang eða í annað rými þegar það hentar. Prófuð verða hópastörf sem börnin hafa ekki kynnst áður og lögð verður áhersla á verkefni sem tengjast High Scope kennsluaðferðum. Starfsfólk sækir hugmyndir til annarra deilda og nýtir þær hugmyndir sem þegar eru til innan skólans.
Ábyrgð	Starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmdinni. Allir starfsmenn passa upp á að fjölbreytni sé til staðar í samverustundum og að nýjar hugmyndir séu prófaðar.	Starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmdinni og á að tryggja að fjölbreyttar hugmyndir séu prófaðar í hópastarfi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2026 – Desember 2026	Júní 2026 – Desember 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk fer reglulega yfir efnivið og leiki sem notaðir eru í samverustundum. Metið verður hvort efniviðurinn sé fjölbreyttur, skemmtilegur og	Starfsfólk kynnir sér hópastarfshugmyndir frá öðrum deildum og rýnir í High Scope hugmyndir sem eru til staðar í skólanum. Metið verður með

	henti hópnum. Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum, skráir niður hvaða leikir eru notaðir og hvaða nýjar hugmyndir hafa verið prófaðar.	umræðum á deildarfundum, skráningum og með því að fylgjast með þátttöku barnanna í hópastarfi. Einnig verður skoðað hvort börnin nýti færni eða reynslu úr hópastarfi í öðrum aðstæðum í leikskólastarfinu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að samverustundir verði fjölbreyttari og að fleiri leikir og fjölbreyttari efniviður séu nýttir. Starfsfólk er opið fyrir nýjum hugmyndum, skráir niður það sem er gert og ræðir saman um hvað gengur vel og hvað má bæta.	Að fjölbreyttari viðfangsefni, efniviður og umhverfi séu nýtt í hópastarfi. Að starfsfólk prófi nýjar hugmyndir og að börnin fái tækifæri til að taka þátt í verkefnum sem þau hafa ekki áður kynnst. Einnig er viðmið um árangur að börnin sýni áhuga, virkni og nýti reynslu úr hópastarfi í leik og samskiptum.

Hulduhóll 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla hópastarf á deildinni með því að auka fjölbreytni í efnivið, viðfangsefnum, samsetningu hópa og nýtingu svæða. Stefnt er að því að hópastarf verði markvissara, fjölbreyttara og taki betur mið af áhuga, þörfum og virkni barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk nýtir undirbúningstíma markvisst til að skipuleggja fjölbreytt hópastarf. Í undirbúningi verður meðal annars stuðst við bækur, gögn og hugmyndir um hópastarf, möppu um hópastarf í skáp Hulduhóls og hugmyndir frá öðrum deildum.

	Deildarstjóri útbýr einfalt skipulagsblað fyrir hópastarf sem hópstjórar fylla út einu sinni í viku í undirbúningstíma. Á skipulagsblaðinu komi fram hvaða efniviður er notaður, hvaða svæði eru nýtt, hvernig hópar eru samsettir og hvernig viðfangsefnið tengist áherslum HighScope, til dæmis virkri þátttöku barna, vali, leik og ígrundun. Á deildarfundum verður reglulega farið yfir hvernig hópastarfið gengur, hvað hefur tekist vel og hvað má þróa áfram. Stefnt er að því að yngri gangur fái deildarfund inni á deild einu sinni í mánuði, líkt og eldri gangur, svo starfsfólk hafi sameiginlegan tíma til að ræða skipulag, börnin og þróun starfsins.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á að halda utan um skipulag, skipulagsblað og eftirfylgd á deildarfundum. Hópstjórar og annað starfsfólk á deildinni bera sameiginlega ábyrgð á framkvæmd hópastarfsins, fjölbreytni í efnivið og aðlögun verkefna að þörfum og áhuga barnanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2026 – desember 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið verður reglulega á deildarfundum, að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Þar verður farið yfir skipulagsblöð hópstjóra, reynslu starfsfólks og hvernig börnin bregðast við efnivið, svæðum, verkefnum og hópasamsetningu. Einnig verður fylgst með þátttöku barnanna í hópastarfi, áhuga þeirra, virkni og hvernig þau nýta efniviðinn og svæðin. Starfsfólk ræðir saman hvað virkar vel, hvað þarf að breyta og hvaða hugmyndir væri hægt að prófa næst.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hópastarf telst hafa þróast á jákvæðan hátt ef skipulagsblöð sýna aukna fjölbreytni í efnivið, viðfangsefnum, svæðum og hópasamsetningu. Einnig ef starfsfólk upplifir betri yfirsýn yfir hópastarfið og markvissari undirbúning.

	Árangur sést einnig í því að börnin taki virkan þátt, sýni áhuga á viðfangsefnum, fái tækifæri til að velja, prófa, skapa og vinna með fjölbreyttan efnivið í samræmi við áherslur HighScope.

Drekadyngja 3-5 ára		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf	Dagsskipulag (hvað eigi að gera í hópastarfi, samverustund, easy to join)
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að hópastarf verði markvissara, fjölbreyttara og betur skipulagt. Stefnt er að því að börnin fái fjölbreytt náms- og leikræn tækifæri sem styðja við alhliða þroska þeirra.	Að skipulag dagsins sé skýrt, aðgengilegt og sýnilegt öllu starfsfólki þannig að samræmi sé í framkvæmd daglegs starfs.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hópastarf verður skipulagt með reglubundnum hætti fyrir hverja viku og tengt áhuga og þörfum barnanna. Lögð verður áhersla á fjölbreytt viðfangsefni, svo sem fín- og grófhreyfingar, sköpun, rannsóknir, skynjun og málörvun. Starfsfólk undirbýr efnivið og skipulag fyrir fram þannig að hópastarfið verði markvisst og aðgengilegt öllum.	Nýta skipulagsblöð daglega til að skrá fyrirhugað starf, hópastarf, samverur og önnur verkefni. Skipulag næsta dags verður undirbúið og skráð með reglubundnum hætti á undirbúningstíma.
Ábyrgð	Hópstjórar bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd	Deildarstjóri sér um að skipulagsblöð séu aðgengileg. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að

	hópastarfs með stuðningi deildarstjóra eftir þörfum.	fylgja skipulaginu og skrá viðeigandi upplýsingar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – júní 2027.	Ágúst 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega farið yfir framkvæmd hópastarfsins. Stuðst verður við skráningar starfsfólks, ígrundun og umræður um þátttöku barna, skipulag og árangur.	Reglulega verður farið yfir skipulagið á deildarfundum. Metið verður hvort skipulag sé skráð með samræmdum hætti og hvort það styðji við gott flæði og yfirsýn í starfinu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hópastarf sé reglulegur og markviss þáttur í starfi deildarinnar, fjölbreytni sé í viðfangsefnum og starfsfólk hafi sameiginlegan skilning á markmiðum og framkvæmd hópastarfs.	Að skipulag dagsins sé skráð daglega, að allt starfsfólk hafi aðgang að upplýsingunum og að skipulagið stuðli að samræmi og skilvirku starfi innan deildarinnar.

Dísaskógur 3-5 ára		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf	Dagsskipulag (hvað eigi að gera í hópastarfi, samverustund, easy to join)
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að hópastarf verði markvissara, fjölbreyttara og betur skipulagt. Stefnt er að því að börnin fái fjölbreytt náms- og leikræn tækifæri sem styðja við alhliða þroska þeirra.	Að skipulag dagsins sé skýrt, aðgengilegt og sýnilegt öllu starfsfólki þannig að samræmi sé í framkvæmd daglegs starfs.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hópastarf verður skipulagt með reglubundnum hætti fyrir hverja viku og tengt áhuga og þörfum barnanna. Lögð verður áhersla á fjölbreytt viðfangsefni, svo sem fín- og grófhreyfingar, sköpun, rannsóknir, skynjun og málörvun. Starfsfólk undirbýr efnivið og skipulag fyrir fram þannig að hópastarfið verði markvisst og aðgengilegt öllum.	Nýta skipulagsblöð daglega til að skrá fyrirhugað starf, hópastarf, samverur og önnur verkefni. Skipulag næsta dags verður undirbúið og skráð með reglubundnum hætti á undirbúningstíma.
Ábyrgð	Hópstjórar bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd hópastarfs með stuðningi deildarstjóra eftir þörfum.	Deildarstjóri sér um að skipulagsblöð séu aðgengileg. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að fylgja skipulaginu og skrá viðeigandi upplýsingar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – júní 2027.	Ágúst 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega farið yfir framkvæmd hópastarfsins. Stuðst verður við skráningar starfsfólks, ígrundun og umræður um þátttöku barna, skipulag og árangur.	Reglulega verður farið yfir skipulagið á deildarfundum. Metið verður hvort skipulag sé skráð með samræmdum hætti og hvort það styðji við gott flæði og yfirsýn í starfinu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hópastarf sé reglulegur og markviss þáttur í starfi deildarinnar, fjölbreytni sé í viðfangsefnum og starfsfólk hafi sameiginlegan skilning á markmiðum og framkvæmd hópastarfs.	Að skipulag dagsins sé skráð daglega, að allt starfsfólk hafi aðgang að upplýsingunum og að skipulagið stuðli að samræmi og skilvirku starfi innan deildarinnar.

Tröllahellir 4-6	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útistarf og vettvangsferðir fyrir utan leikskólann.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla útistarf og vettvangsferðir utan leikskólans. Stefnt er að því að börnin fari að lágmarki einu sinni í viku í skipulagða vettvangsferð í nærumhverfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vettvangsferðir verða skipulagðar sem hluti af hópastarfi deildarinnar. Starfsfólk nýtir nærumhverfið með börnunum, svo sem leiksvæði, gönguleiðir og opin svæði. Í ferðunum verður lögð áhersla á leik, hreyfingu, könnun, samskipti og þátttöku barna. Að ferð lokinni verður rætt við börnin um upplifun þeirra og það sem vakti áhuga þeirra.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á framkvæmd. Deildarstjóri heldur utan um skipulag, eftirfylgni og mat á verkefninu.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. september 2026 og áætluð lok eru 1. desember 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið verður reglulega á deildarfundum yfir skólaárið. Starfsfólk nýtir skráningar, umræðu á fundum og samtöl við börn til að meta hvernig gengur. Horft verður til þess hvort ferðirnar séu farnar reglulega, hvernig þátttaka barnanna er og hvort börnin fái tækifæri til að læra í gegnum leik og reynslu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin fari að lágmarki einu sinni í viku í skipulagða vettvangsferð utan leikskólans. Viðmið um árangur er einnig að börnin taki virkan þátt, sýni áhuga á umhverfinu og fái tækifæri til leiks, hreyfingar, könnunar og samskipta í nærumhverfinu.

Skessuskot 4-6		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Tiltekt barna	Leikstundir barna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að gera tiltekt markvissari og fjölbreyttari með því að nýta ólíkar aðferðir sem hvetja börnin til virkrar þátttöku og sjálfstæðis.	Að starfsfólk taki virkari þátt í leik barnanna og styðji við leik þeirra á markvissan hátt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta aðferðir HighScope við tiltekt og nota tiltektarkrukkuna markvisst sem hluta af daglegu starfi. Starfsfólk prófar fjölbreyttar leiðir og metur hvaða aðferðir henta best barnahópnum.	Starfsfólk dreifir sér á öll leiksvæði og tekur virkan þátt í leik barnanna með því að fylgjast með, styðja við leikinn og koma með hugmyndir þegar við á, án þess að stýra leiknum. Nýta undirbúningstíma til að efla þekkingu á HighScope og styrkja hlutverk starfsfólks í leik barnanna.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – júlí 2027.	Ágúst 2026 – júlí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Regluleg umræða á deildarfundum og skráningar starfsfólks um hvernig tiltekt gengur og hvaða aðferðir reynast best.	Rætt verður reglulega á deildarfundum um þátttöku starfsfólks í leik barnanna og hvaða börn þurfa aukinn stuðning í leik og samskiptum. Stuðst verður við ígrundun starfsfólks og PQA-mat.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða	Meta á deildarfundum hvaða aðferðir skila bestum árangri	Að starfsfólk sé virkt í leik barnanna á öllum svæðum og

mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	hjá barnahópnum og nýta styrkleika og áhugasvið barnanna við skipulag tiltektar. Stefnt er að því að ná að lágmarki 4,5 á PQA-kvarðanum.	styðji við leik þeirra í samræmi við áherslur deildarinnar. Stefnt er að því að ná að lágmarki 4,5 á PQA-kvarðanum.

Venus 9 mánaða-2 ára			
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf	Fataklefinn	Útivera
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að skapa meiri fjölbreytni í hópastarfi og efla kennara í að undirbúa markvisst hópastarf.	Að færri börn séu í fataklefanum í einu og að efla sjálfstæði barnanna.	Að tryggja að tveir kennarar fylgi börnunum alltaf út og að mönnun í útiveru sé öruggari og markvissari.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk nýtir undirbúningstíma til að skipuleggja hópastarf. Skoðað verður markvisst hvaða KDI-þættir tengjast hópastarfinu og hvaða ávinning hópastarfið hefur fyrir börnin.	Börnunum verður gefinn meiri tími til að klæða sig sjálf í og úr. Starfsfólk styður börnin eftir þörfum en leggur áherslu á að þau fái tækifæri til að reyna sjálf.	Fyrsti kennari sem fer út klæðir 4–5 börn. Næsti kennari klæðir næstu 4 börn og þannig áfram. Kennarar ná í eigin útiföt áður en farið er með börnin í fataklefann.
Ábyrgð	Hópstjórar á deild bera ábyrgð á	Allt starfsfólk deildarinnar ber	Allt starfsfólk deildarinnar ber

	framkvæmd. Deildarstjóri sér til þess að hópstjórar fái tækifæri til undirbúnings.	ábyrgð á framkvæmd.	ábyrgð á framkvæmd.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – desember 2026	Júní 2026 – júní 2027	Júní 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með skráningum á hópastarfi, þar sem fram kemur hvaða KDI-þættir tengjast verkefnunum og hvaða þætti börnin eru að æfa.	Metið með skráningum yfir hvaða börn geta klætt sig sjálf. Þegar komið er inn úr útiveru verður fylgst með því að börnum sé að jafnaði aðeins hjálpað úr vesti, eftir því sem við á.	Metið verður hvort skipulagið gangi eftir, meðal annars hvort kennarar nái í útiföt áður en börnin fara í fataklefann og hvort aðeins einn starfsmaður verði eftir inni til að þrífa og taka til.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að skráningar á hópastarfi sýni fjölbreytni í athöfnum og efniviði. Einnig verður skoðað hvort sama hópastarfið sé endurtekið of oft og hversu reglulega ný verkefni eru prófuð.	Að börnin geti í auknum mæli klætt sig sjálf í og úr sem flestum fötum.	Að tryggt sé að mönnun í útiveru styðji bæði öryggi barna og gæði kennslu, þannig að starfsfólk geti sinnt börnunum af athygli, stuðlað að virkri þátttöku þeirra og brugðist við þörfum þeirra á öruggan og faglegan hátt.

Júpíter 9 mánaða-2 ára			
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efla sjálfstæði barna í fataklefa.	Samverustundir.	Efla íslenskukunnáttu barna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla sjálfstæði barna í fataklefanum. Börnin læri að klæða sig sjálf, þekki eigin fatnað og geti gengið frá honum með stuðningi þegar við á.	Að samverustundir verði fjölbreyttar, markvissar og höfði til alls barnahópsins.	Að efla íslenskukunnáttu barnanna með markvissri málörvun í daglegu starfi og hópastarfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk nýtir hópastarf til að efla orðaforða tengdan fatnaði með bókum, söngvum og verkefnum. Börnin fá markvissan stuðning við að klæða sig sjálf og ganga frá fatnaði sínum. Jafnframt verður unnið með sjálfstæði í daglegum aðstæðum og börnin hvött til að reyna sjálf áður en aðstoð er veitt.	Skipuleggja fjölbreyttar samverustundir þar sem unnið er með vísnaþulur, sögur, söng, hreyfingu og leik. Lögð verður áhersla á að skapa rólegt og jákvætt umhverfi þar sem öll börn fá tækifæri til þátttöku og athygli.	Skipuleggja reglulegar málörvunarstundir með sögum, söng, hreyfingu, bókalestri og leik. Starfsfólk vinnur markvisst með orðaforða og samtöl í daglegum aðstæðum og nýtir öll tækifæri til að efla íslenskt málumhverfi.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Íslenskumælandi starfsfólk leiðir verkefnið í samstarfi við allt

			starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – vor 2027.	Október 2026 – vor 2027.	September 2026 – desember 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgst verður reglulega með framförum barnanna með skráningum og ígrundun á deildarfundum.	Fylgst verður með þátttöku og athygli barnanna í samverustundum. Reglulega verður rætt á deildarfundum hvernig samverustundir ganga og hvaða breytingar þurfi að gera.	Fylgst verður með samskiptum starfsfólks og barna í daglegu starfi og hópastarfi. Reglulega verður metið hvernig börnunum gengur að tileinka sér nýjan orðaforða og tjá sig á íslensku.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin taki virkari þátt í að klæða sig sjálf, þekki eigin fatnað og sýni aukið sjálfstæði í fataklefanum.	Börnin taki virkan þátt í samverustundum, sýni aukna athygli og hafi ánægju af þátttöku.	Starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi málörvunar og nýti íslensku markvisst í samskiptum við börnin. Börnin sýni framfarir í orðaforða, málskilningi og tjáningu miðað við eigin forsendur.

Satúrnus 9 mánaða-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun í daglegu starfi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla málumhverfi deildarinnar og nýta daglegar aðstæður markvissar til málörvunar. Sérstök áhersla verður lögð á orðaforða, samskipti, söng og endurtekningu með tilliti til aldurs og þroska barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk leggur áherslu á að setja orð á athafnir, tilfinningar, hluti og upplifanir barnanna í daglegu starfi. Bækur, söngvar, vísur og einfaldar þulur verða sýnilegri hluti af deginum og nýttar í litlum hópum og einstaklingssamskiptum.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt reglulega á deildarfundum hvernig málörvun birtist í daglegu starfi. Starfsfólk ígrundar samskipti sín við börnin og fylgist með þátttöku þeirra, tjáningu og áhuga á söng, bókum og samskiptum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk nýti daglegar aðstæður markvisst til málörvunar og að börnin sýni aukinn áhuga á samskiptum, bókum, söng og tjáningu miðað við eigin forsendur.

Mars 9 mánaða-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að gera hópastarf markvissara og betur aðlagað að yngstu börnunum með áherslu skynjun, hreyfingu og könnun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja einfalt hópastarf í litlum hópum þar sem börnin fá að kanna fjölbreyttan efnivið með eigin líkama og skynfærum. Nýta meðal annars tónlist, hreyfingu, vatn, náttúrulegan efnivið, málningu og aðra skynræna reynslu. Starfsfólk fylgist með áhuga barnanna og aðlagar lengd og innihald stundanna að hópnum frekar en að gera kröfu um að öll börn taki þátt á sama hátt.
Ábyrgð	Hópstjórar í samstarfi við deildarstjóra.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 til júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hópastarf og þátttaka barnanna rædd reglulega á deildarfundum. Fylgst verður með hvaða efniviður og viðfangsefni vekja áhuga barnanna og hvaða aðferðir henta hópnum best.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hópastarf sé reglulegur hluti af starfinu og sýni fjölbreytni í efnivið og viðfangsefnum. Börnin fái tækifæri til að kanna, prófa og taka þátt á eigin forsendum.

Merkúr 9 mánaða-2 ára		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Sjálfstæði í matartímum	Umhverfi og aðgengi að efnivið

mannauður/leikskólabragur, innra mat)		
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að skapa börnunum fleiri tækifæri til sjálfstæðis og virkrar þátttöku í matmálstímum, með hliðsjón af aldri og færni hvers barns.	Að leik- og námsumhverfi deildarinnar styðji betur við sjálfstæða könnun og val yngstu barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin fá eftir getu að halda sjálf á skeið, drekka úr glasi og taka þátt í einföldum verkefnum tengdum máltíðum. Starfsfólk gefur börnunum nægan tíma til að prófa sjálf áður en aðstoð er veitt og leggur áherslu á rólegt og jákvætt andrúmsloft við borðið.	Farið verður yfir staðsetningu leikfanga og efniviðar með það að markmiði að börnin geti séð, nálgast og valið efnivið sjálf. Efnivið verður skipt reglulega út eftir áhuga og þörfum barnahópsins.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til vor 2027.	September 2026 – desember 2026, með reglulegri endurskoðun áfram.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk ræðir reglulega á deildarfundum hvernig börnunum gengur og hvort þau fái raunveruleg tækifæri til sjálfstæðis við matarborðið.	Umhverfið tekið reglulega til umræðu á deildarfundum. Fylgst verður með hvaða svæði og efnivið börnin velja og hvernig þau nýta hann.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin taki aukinn þátt í matmálstímum og sýni stigvaxandi sjálfstæði miðað við eigin þroska og færni.	Að börnin geti í auknum mæli valið og nálgast efnivið sjálf og að umhverfið endurspegli áhuga og þarfir barnahópsins.

Úranus 9 mánaða-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samverustundir
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að samverustundir verði betur aðlagaðar að aldri yngstu barnanna og einkennist af virkri þátttöku, gleði og sveigjanleika.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samverustundir verða hafðar stuttar og fjölbreyttar. Nýttir verða söngvar, einfaldir leikir, hreyfing, brúður, myndir, hljóðfæri og bækur. Starfsfólk fylgist með áhuga og úthaldi barnanna og aðlagar stundirnar eftir þörfum.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – febrúar 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt mánaðarlega á deildarfundum hvaða aðferðir vekja áhuga barnanna og hvernig þátttaka þeirra þróast.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að samverustundir séu fjölbreyttar og hæfi aldri barnanna og að meirihluti barnanna sýni áhuga og taki þátt á eigin forsendum.

Jörðin 9 mánaða-2 ára		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði og skiptingar í daglegu starfi	Virk þátttaka starfsfólks í leik barna

Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að gera skiptingar milli þátta dagsins rólegri og draga úr biðtíma yngstu barnanna.	Að styrkja hlutverk starfsfólks í leik yngstu barnanna og styðja markvisst við samskipti, könnun og tengslamyndun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Farið verður yfir helstu skiptingar dagsins, svo sem fyrir mat, svefn og útiveru. Börnin fara í minni hópum milli aðstæðna eftir því sem hægt er og starfsfólk undirbýr næsta þátt áður en börnin eru færð á milli. Lögð verður áhersla á fyrirsjáanleika, endurtekningu og að starfsfólk setji orð á það sem er að fara að gerast.	Starfsfólk dreifir sér um leiksvæði, er í nálægð við börnin og tekur þátt í leik þeirra á þeirra forsendum. Lögð verður áhersla á að fylgja frumkvæði barnanna, setja orð á leik þeirra og bæta við efnivið eða hugmyndum þegar það styður við áframhaldandi leik.
Ábyrgð	Deildarstjóri heldur utan um skipulagið en allt starfsfólk ber ábyrgð á framkvæmd.	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til júní 2027.	Október 2026 til júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum verður reglulega rætt hvar bið myndast yfir daginn, hvernig börnin bregðast við skiptingum og hvort breytingar á skipulagi hafi skilað rólegra flæði.	Ígrundun á deildarfundum og athuganir á samskiptum starfsfólks og barna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að minni bið sé, börnin upplifi aukinn fyrirsjáanleika og daglegt starf gangi rólegra fyrir sig.	Að starfsfólk sé virkt í leik barna, fylgi frumkvæði þeirra og styðji við könnun, samskipti og áframhaldandi leik.

F. h. leikskólans ..... Sólgarður .....

Ástarós Snævarsdóttir 8. sept '26

Leikskólastjóri Dagsetning

F. h. leikskólans ..... Mánagarður .....

Ragnhildur Ýr Jóhannsdóttir 8.9.'26

Leikskólastjóri Dagsetning

10.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Leikskóli Félagstofnunar Stúdenta

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bjartur Snorrason
Jóhann Ólafur Sveinbjargarson
Snæfríður Jónsdóttir
Étienne Ljóni Poisson

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð telur að áherslur starfsáætlunarinnar samræmist vel starfi leikskólans síðasta árs og endurspegli þá þróun og þær áherslur sem unnið hefur verið með.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er skýr, vel uppsett og aðgengileg. Auðvelt er að fá yfirsýn yfir helstu áherslur, markmið og fyrirhugað starf skólaársins.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin gefur foreldrum góða innsýn í starf leikskólans, meðal annars hvað varðar faglegar áherslur, umbótastarf, foreldrasamstarf og skipulag starfsins.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina og styður þær áherslur og markmið sem þar koma fram.

Fulltrúar í foreldraráði: Bjartur Snorrason, Jóhann Ólafur Sveinbjargarson, Snæfríður Jónsdóttir og Étienne Ljóni Poisson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST